

HUGS2SH05

Búið til: Fri, 14 Feb 2020 15:42:40 GMT

Titill

Skapandi hugsun

Skammstöfun

HUGS2SH05

Útgáfunúmer

1

Námsgrein

Hugur og hönd

Viðfangsefni

Skapandi hugsun

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

2

Einingafjöldi

5

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Í áfanganum er unnið að virkjun sköpunarkrafts og hugmyndaauðgi nemenda. Nemendur kynnast aðferðum og tileinka sér bæði hefðbundnar og persónlegar vinnuaðferðir við úrvinnslu hugmynda. Þeir safna hugmyndum í leiðabók/ skissubók og vinna með sambandið á milli hugmynda, hráefnis, tækni, aðferða og sköpunar. Fjallað er um aðferðir til að efla skapandi hugsun, leikni í þróun hugmynda og hæfni til að koma þeim á framfæri. Notaðar eru ýmsar aðferðir við að skrásetja hugmyndir og þróa þær í gegnum leik og tilraunir. Lögð er áhersla á að skoða margvíslegar útfærsluleiðir, þar sem nemendur vinna bæði sjálfstætt og í samvinnu við aðra. Rík áhersla er lögð á mikilvægi ímyndunaraflsins í sköpunarferlinu og unnið með ólíkar aðferðir til að virkja það. Áhersla er lögð á sjálfstæða sköpun og skilning á þróun hugmynda og myndrænu ferli.

Forkröfur

INN11L05

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Aðferðum við að fá hugmyndir og vinna úr þeim
- Hugkortum, hugstormun, þemavinnu og stemningsspjöldum/innblásturssöfnum
- Markvissum leiðum til að halda utan um hugmyndir sínar og úrvinnslu þeirra
- Þýðingu fjölbreyttrar gagnasöfnunar við þróun hugmynda
- Hugsunarferlinu frá hugmynd til framkvæmdar
- Eigin persónulegu leiðum við hugmyndavinnu
- Samhenginu milli hugmynda, efnis, rýmis, tækni, aðferða og niðurstöðu
- Möguleikum rýmis, lita, ljóss, hljóðs, tækja og tóla við úrvinnslu og framkvæmd hugmynda
- Hvað hugtökin list og hönnun standa fyrir í viðum skilningi
- Hver munurinn er á öpun og sköpun
- Náttúrunni og eigin menningu sem uppsprettu hugmynda
- Að verða læs á umhverfi sitt og geta metið það með tilliti til úrbóta
- Nýjungum í gegnum upplýsingamiðla, handbækur og fagttímarit
- Virði þess að skrá hjá sér hugmyndir

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Beita opinni og leitandi hugsun við þróun hugmynda
- Sjá skapandi möguleika í mistökum sem hann gerir
- Skýra hugmyndir sínar á munnlegan, skriflegan og myndrænan hátt
- Beita margvíslegum aðferðum til að virkja ímyndunaraflið
- Koma auga á óvænt samhengi og gera það sýnilegt
- Beita sjálfstæði, frumkvæði og hugmyndaauðgi í vinnubrögðum við framsetningu eigin hugmynda
- Nýta sér helstu aðferðir við hugmyndavinnu
- Nota skissubók við öflun og úrvinnslu hugmynda
- Vinna ferlið frá hugmynd til framkvæmdar
- Tileinka sér hefðbundnar og óhefðbundar vinnuaðferðir við hönnun og hugmyndavinnu s.s. hugmyndasöfnun, skissuvinnu á blað og í tölvu/síma
- Vinna með mismunandi hráefni og gera tilraunir með efni
- Koma hugmyndum sínum myndrænt á framfæri í formi skissuvinnu á blaði eða í tölvu
- Temja sér sjálfstæði, gagnrýna hugsun og öguð vinnubrögð
- Tala um hugmyndir, greina þær, vega og meta og myndgera þær svo aðrir skilji

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Próa hugmyndir sínar á opinn og skapandi hátt í gegnum tilraunir og fræðilegar aðferðir
- Kynna hugmyndir sínar á fjölbreyttan hátt
- Nýta margvíslega möguleika við úrvinnslu og framkvæmd hugmynda
- Vinna hugmyndavinnu í hóp og bera virðingu fyrir öðrum og skoðunum annarra
- Setja hugmyndir sínar fram í skissuformi
- Próa eigin hugmyndir og setja þær fram í formi myndræns ferlis
- Skilja sambandið milli hugmynda, hráefnis, tækni, aðferða og listrænnar sköpunar
- Skilja mikilvægi ferilvinnu í allri sköpun
- Greina hvernig gagnrýni á verk hans getur gagnast við endanlega útkomu
- Vera fær um að nýta sér gagnrýni til góðs

Námsmat

Skólar

Fyrirmynd